

Nd.

36. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsg. 16. gr. laganna orðist svo:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 1. september ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangaveiði til 10. september.

2. gr.

2. málsg. 20. gr. laganna orðist svo:

Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsg., þarf veiðiskirteini. Ráðherra gefur út veiðiskirteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skirteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn eða vera gefið út fiskræktarfélagi til handa. Skirteini um veiði til klaks heimilar eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda og fiskræktarfélaga, ef til eru. Binda má leyfið því skilyrði, að hæfilegri tölu seiða sé sleppt í vatn það, sem veitt er í.

3. gr.

Aftan við 31. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

3. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að leyfilegt sé samkv. 2. málsg., og vill hvorugur vikja. Skal þá mat skera úr ágreiningnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra. Er það samið af Pálma Hannessyni rektor og fylgdi því eftirfarandi greinargerð.

Um 1. gr.

Breyting sú, sem felst í þessari grein, er í rauninni aðeins leiðrétting á skekkju, sem virðist hafa komizt inn í lögin af misgáningi, en er þannig vaxin, að nauðsynlegt er að lagfæra hana nú þegar.

Í 1. málsg. 16. greinar laganna, þar sem mælt er fyrir um veiðitíma, segir svo: „Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 1. september ár hvert. Stangarveiði er þó heimil eftir þann tíma, sbr. næstu málsg.“. Síðari setningunni, sem breyta á með frv. þessu, var skotið inn í lögin við 3. umr. í Ed. Virðist það hafa verið ætlun löggjafans að kveða á um það í næstu málsg., hve lengi megi stunda stangaveiði, eða heimila ráðherra að setja ákvæði um það. En hvorki í þeirri málsg. né annarsstaðar í lögnum eru nokkur þvilik ákvæði. Verður

Því eigi annað séð en að hér sé um misgáning að ræða, enda var málinu hraðað við þessa umr. og þó gerðar ýmsar breytingar á frv.

Eins og lögín eru nú, má veiða lax á stöng allan hrygningartímann, og raunar allt árið. Þetta er næsta óeðlilegt og andstætt stefnu laganna. Hefir það því vakið nokkra óánægju meðal veiðieigenda, einkum þeirra, er veiði eiga nálægt ósum laxánum, og er það að vonum, því að lögín hafa takmarkað að nokkru afnotarétt þeirra af veiðinni, til þess að tryggja hrygningu laxins og afkomu. Og þó að stangaveiði geti ekki talizt stórtæk, þá verður þó ekki um það deilt, að hún raskar ró fisksins og er honum hættuleg, úr því að hann tekur að safnast saman til hrygningar.

Segja má, að ekki sé ástæða til að heimila stangaveiði lengur fram eftir hausti en aðra veiði. Hitt virðist þó hafa verið vilji löggjafans, þá er lögín voru sett, að leyfa hana nokkru lengur, eins og gert er í Englandi og víðar. En af orðunum „sbr. næstu málsgr.“ þykir mega ráða það, að ætlazt hafi verið til, að ráðherra fengi heimild til að setja um það ákvæði, í samráði við veiðimálastjóra, hve lengi skyldi mega veiða. Þessari skoðun hefir því verið fylgt hér. Þó þótti rétt að setja stangaveiðinni ákvæðið tímatakmark.

Um 2. gr.

Breytingin tekur aðeins til síðari hluta málsgreinarinnar, og þótti hún æskileg af þeim ástæðum, sem nú skal greina:

Á nokkrum stöðum í landinu hafa verið stofnuð fiskræktarfélag í þeim tilgangi að rækta lax í ám, sem nú eru veiðilausar. Félag þessi eiga við allmikla örðugleika að etja og eru stórum verr sett en þau, sem starfa við veiðiár. Einkum veitist þeim erfitt að afla sér hrogna til klaks, meðan þau eru að koma upp fiskistofni í ánum, og kostar það ærið fé og fyrirhöfn. Samkv. 20. gr. laganna er þeim mönnum, sem að þessari fiskrækt vinna, með öllu gagnslaut að fá veiðiskirteini, með því að þar er svo fyrir mælt, að skirteini um veiði til klaks heimili aðeins veiði í því fiskihverfi, sem klakið er í. Er þeim þannig algerlega synjað um að veiða stofnfisk í öðrum fiskihverfum, enda þótt þeir hafi leyfi veiðieigenda til þess. Þetta ákvæði laganna er því ekki hagkvæmt fyrir fiskræktina og eigi sanngjarnt. Breytingar þær, sem þessi gr. frv. felur í sér, stefna að því að færa þetta í eðlilegra horf. Samkv. þeim geta þeir, er fá veiðiskirteini til klakveiði, veitt í öðrum fiskihverfum en þeim, sem klakið er í, ef þeir fá til þess leyfi hlutaðeigandi veiðieigenda og fiskræktarfélaga, þar sem þau eru til. Breytingin getur því ekki skert rétt annara í neinu né hindrað fiskrækt í öðrum fiskihverfum.

Um 3. gr.

Með ákvæðum 31. gr. laganna var lengt um 40 m. það bil, sem vera á milli fastra veiðivéla í straumvatni. Við framkvæmd laganna hefir komið í ljós, að ágreiningur getur risið út af því, hversu með skuli fara, þar sem svo hagar til, að tveir veiðieigendur geta ekki haldið lögnum sínum óbreyttum, vegna ákvæðis þessa. En í lögnum eru engin fyrirmæli um það, hvernig úr sliikum ágreiningi eigi að skera. Þótti því rétt að auka inn í þau ákvæði um þetta, og þar sem lögín mæla svo fyrir, að mat skuli skera úr um annan ágreining, sem upp kunni að koma út af veiðiskiptum, sbr. 4. gr., má telja sjálfsagt að fylgja sömu reglu um þetta.